

SKÝRSLA 2020

Skýrsla umboðsmanns barna til
barnaréttarnefndar Sameinuðu
þjóðanna

Stytt útgáfa



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

EFNIS- YFIRLIT

SKÝRSLA UMBOÐSMANNS BARNA TIL BARNARÉTTARNEFNDARINNAR

- 3 Um umboðsmann barna
- 3 Skýrsla til barnaréttarnefndarinnar
- 4 Barnasáttmálinn
- 4 Þriðja valfrálsa bókunin
- 4 Hvað lætur ríkið mikla peningar í að styðja við börn
- 5 Upplýsingar um börn
- 5 Fólki sem vinnur með börnum og fyrir börn
- 5 Það sem er barni fyrir bestu
- 6 Börn eiga að fá að taka þátt í ákvörðunum
- 6 Ungmennaráð sveitarfélaga
- 6 Lækkun kosningaaldurs
- 7 Börn á flóttu
- 7 Börn eftir skilnað foreldra
- 8 Börn fá að leita til sýslumanns
- 8 Upplýsingar um börn
- 9 Börn sem koma í heiminn eftir tæknifrjóvgun
- 9 Réttur barna til einkalífs
- 9 Fötluð börn
- 10 Sérfræðihópur fatlaðra barna
- 10 Fötluð börn sem búa á tveimur heimilum
- 10 Fötluð börn af erlendum uppruna
- 11 Börn og ófrjósemisaðgerðir
- 11 Fátæk börn
- 11 Fátækt barna og ofbeldi
- 11 Börn sem nota gleraugu
- 12 Börn og unglingar sem nota rafrettur
- 12 Börnum sem líður illa
- 12 Börn sem sofa ekki nóg
- 13 Börn sem taka lyf
- 13 Biðlistar eftir greiningu
- 14 Hinsegin börn
- 14 Kynrænt sjálfræði
- 15 Transteymið á Landspítalanum
- 15 Kynfræðsla
- 16 Forvarnarfræðsla
- 16 Menntun án aðgreiningar
- 16 Pisa prófin
- 17 Skólaförðun
- 17 fræðsluskyldan
- 18 Brotthvarf úr framhaldsskóla
- 18 Börn með innflytjendabakgrunn
- 18 Unglingar með innflytjendabakgrunn í framhaldsskóla
- 19 Börn í íþróttum eða öðru tómstundastarfi
- 19 Einelti í skólum
- 20 Börn í vinnu
- 20 Börn í fangaklefum
- 21 Börn og ofbeldi
- 21 Kynferðislegt ofbeldi

UM UMBOÐSMANN BARNA

Umboðsmaður barna hefur starfað í 25 ár eða frá árinu 1995.

Umboðsmaður barna talar máli allra barna í íslensku samfélagi og vinnur að réttindum þeirra með því að benda á ýmislegt sem þarf að breyta og bæta fyrir börn.

Umboðsmaður barna veitir líka börnum fræðslu og upplýsingar um réttindi þeirra og Barnasáttmálann.

Börn og unglingar geta alltaf leitað til umboðsmanns barna og fengið svör við spurningum sínum. Hér er hægt að lesa spurningar frá börnum til umboðsmanns barna og svör við þeim.


Umboðsmaður barna vinnur að því að réttindi barna séu virt í öllu samfélaginu, bendir á það sem þarf að breyta og bæta fyrir börn, og sér um fræðslu til barna og svarar spurningum þeirra.

SKÝRSLA TIL BARNARÉTTARNEFNDARINNAR

Í þessari skýrslu til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna eru tillögur umboðsmanns barna um það sem þarf að bæta fyrir börn í samfélaginu okkar en umboðsmaður fær upplýsingar um það frá börnum, foreldrum, fólki sem vinnur með börnum og svo kemur marga fram um börn á Íslandi í könnunum og rannsóknum.

Þessi útgáfa af skýrslunni hefur verið stytta með það markmið að gera hana aðgengilega öllum.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna fylgist með því hvernig ríki fara eftir Barnasáttmálanum. Í skýrslu til nefndarinnar bendir umboðsmaður barna á það sem þarf að bæta og breyta til þess að réttindi barna séu virt á Íslandi.



BARNASÁTTMÁLINN

Barnasáttmálinn er orðinn að lögum á Íslandi og það þýðir að allir eiga að fara eftir því sem í honum stendur, sérstaklega þeir sem vinna með börnum, eða taka ákvarðanir um það sem skiptir börn máli.

Umboðsmanni barna finnst mikilvægt að börn fái sömu þjónustu alls staðar og eigi sömu réttindin, alveg sama hvar þau búa, hver þau eru eða hvaðan þau koma. Ein leið til þess er að stjórnvöld geri aðgerðaáætlun um hvernig þau ætla að fara eftir Barnasáttmálanum og vinna að réttindum barna. Það hefur ekki verið gert á Íslandi.

Allir sem vinna með börnum eða taka ákvarðanir sem skipta börn máli eiga að fara eftir Barnasáttmálanum og það þarf að setja aðgerðaáætlun fyrir allt landið til þess að tryggja að öll börn fái notið réttinda sinna.

ÞRIÐJA VALFRJÁLSA BÓKUNIN

Ísland hefur ekki skrifað undir það sem kallað er þriðja valfrjálsa bókunin við Barnasáttmálann en hún gefur börnum eða fulltrúum þeirra möguleika á að kæra brot gegn Barnasáttmálanum til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Ísland þarf að skrifa undir þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann svo að börn geti kært brot gegn sáttmálanum til Sameinuðu þjóðanna.

HVAÐ LÆTUR RÍKIÐ MIKLA PENINGA Í AÐ STYÐJA VIÐ BÖRN?

Umboðsmaður barna hefur bent á að ríkisstjórnin þurfi að sýna sérstaklega hversu mikið af fjármunum (peningum) ríkisins fer í þjónustu og aðstoð við börn. Þannig er hægt að fylgjast með því hvort börn séu raunverulega í forgangi og hvort það sé verið að auka fjármagn sem fer í að styðja við börn en það er mikilvægt að fylgjast með því.

Það þurfa að vera til upplýsingar sem sýna raunverulega hversu miklir peningar fara í þjónustu og aðstoð við börn til þess að hægt sé að fylgjast með því að börn séu í forgangi í samfélaginu.



UPPLÝSINGAR UM BÖRN

Á hverjum degi eru teknar ákvarðanir um börn og þess vegna þurfa að vera til góðar upplýsingar um þau í samfélaginu okkar. Þeir sem taka þessar ákvarðanir, þurfa að vita hvernig börn hafa það, hvað þeim finnst og hverju þau þurfa á að halda. Það er líka mikilvægt að safna saman öllum upplýsingum um börn og nýta þær betur, svo að allar ákvarðanir um börn byggja á því sem er þeim fyrir bestu.

Ákvarðanir um börn þurfa alltaf að byggja á því sem er þeim fyrir bestu en til þess að það sé hægt þurfum við betri upplýsingar um börn í samfélaginu, um hvað þeim finnst, og hverju þau þurfa á að halda.

FÓLK SEM VINNUR MEÐ BÖRNUM OG FYRIR BÖRN

Fólk sem vinnur með börnum þarf að fá kennslu um réttindi barna, þarf að vita að þau eiga að tilkynna til barnaverndar ef börn þurfa á aðstoð að halda, og eiga að fá þjálfun í að vinna með börnum og tala við þau.

Það er mikilvægt að þeir sem vinna með börnum fái góðan undirbúning fyrir það og fræðslu um réttindi barna og mismunandi þarfir þeirra. Umboðsmanni barna finnst að það eigi að vera hluti af námi kennara og annarra sem vinna með börnum. Það er líka mikilvægt að allir sem vinna með börnum viti að það er skylda þeirra að upplýsa barnavernd, ef börn

búa við slæmar aðstæður og þurfa á hjálp að halda. Aðrir sem vinna með börnum eða taka ákvarðanir sem hafa áhrif á börn, þurfa að fá þjálfun í að tala við börn.



ÞAÐ SEM ER BARNI FYRIR BESTU

Í Barnasáttmálanum segir að ákvarðanir um börn eigi alltaf að taka út frá því sem er barni fyrri bestu. Þess vegna þurfa þeir sem taka ákvarðanir að fá leiðbeiningar um það hvernig á að komast að því sem er barni eða börnum fyrir bestu.

Þeir sem taka ákvarðanir um börn þurfa að fá leiðbeiningar um það hvernig á að taka ákvörðun um það sem er barni eða börnum fyrir bestu.

BÖRN EIGA AÐ FÁ AÐ TAKA ÞÁTT Í ÁKVÖRÐUNUM UM ÞAÐ SEM SKIPTIR ÞAU MÁLI

Í Barnasáttmálanum kemur fram að ef taka á ákvörðun um eitthvað sem skiptir börn máli þá eiga börn að fá að taka þátt í þeirri ákvörðun, með því að fá tækifæri til að segja sína skoðun og að tekið sé mark á því sem börn segja. Það eru samt mörg dæmi um að mikilvægar ákvarðanir hafi verið teknar um mál sem skipta börn og unglinga miklu máli, án þess að þau hafi fengið tækifæri til að hafa áhrif á þá ákvörðun. Stytting framhaldsskólanna er dæmi um mál þar sem ekki var leitað eftir skoðunum barna og ungmenna.

Börn eiga að fá að segja sína skoðun þegar taka á ákvarðanir um mál sem skipta þau máli, og taka á mark á því sem þau segja. Til þess að það geti gerst þurfa þau að fá upplýsingar sem þau skilja og tækifæri til þess að segja sína skoðun.



UNGmennARÁÐ SVEITARFÉLAGA

Í sveitarfélögum eru teknar margar ákvarðanir sem skipta börn máli. Ein leið fyrir börn til þess að hafa áhrif þar sem þau búa er að taka þátt í ungmennaráði sveitarfélaga. Ungmennaráð eru ekki í öllum sveitarfélögum og hlutverk þeirra eru mismunandi og þau fá ekki alltaf að hafa raunveruleg áhrif. Þess vegna er mikilvægt að það standi í lögum að sveitarfélög eigi að vera með ungmennaráð og að ungmennaráð eigi að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í sveitarfélagi og sem skipta börn máli.

Börn eiga að fá tækifæri til að taka þátt í ungmennaráði í sínu sveitarfélagi og það á að vera ljóst hvernig ungmennaráð getur haft áhrif á ákvarðanir sem teknar eru og sem skipta börn máli.

LÆKKUN KOSNINGAALDURS

Á Alþingi hafa nokkrar tillögur verið lagðar fram um að 16 ára unglingar eigi að fá að kjósa í sveitarstjórnarkosningum en núna er kosningaaldurinn 18 ár. Það að fá að kjósa um þá sem stjórna sveitarfélaginu sem maður býr í er ein leið fyrir börn til þess að hafa áhrif í samfélaginu. Þessar tillögur hafa þó ekki verið samþykktar og umboðsmanni barna finnst mikilvægt að lækka kosningaaldurinn en líka að börn fái fræðslu um aðrar leiðir til þess að hafa áhrif.

Börn eiga að fá að hafa áhrif á samfélagið og því þarf að lækka kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum en líka með fræðslu í skólum um aðrar leiðir til að taka þátt og hafa áhrif.

BÖRN Á FLÓTTA

Það koma börn á hverju ári til Íslands sem hafa þurft að fara frá heimalandi sínu, stundum vegna stríðs eða ofbeldis og stundum vegna þess að fjölskyldan leitar eftir betra lífi. Stundum koma börnin ein til Íslands en oftast koma þau með fjölskyldum sínum. Þau vilja fá að vera og búa á Íslandi og sækja því um alþjóðlega vernd hér á landi. Þá verða íslensk stjórnvöld að taka ákvörðun um það hvort börnin þurfi alþjóðlega vernd og fái því að vera á Íslandi eða hvort þau verði send til heimalands þeirra eða til landsins sem þau komu fyrst til á leiðinni til Íslands.

Umboðsmaður barna hefur fylgst með þessum málum. Árið 2017 kom í ljós að börn sem komu hingað með fjölskyldum sínum voru ekki að fá þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til þess að skilja hvernig ákvörðun um umsókn um alþjóðlega vernd er tekin.

Börn sem þurfa að fara frá heimalandi sínu og sem óska eftir alþjóðlegri vernd á Íslandi eiga að fá upplýsingar svo þau skilji hvernig ákvörðun stjórnvalda um umsókn um alþjóðlega vernd er tekin. Þegar stjórnvöld hér taka ákvarðanir um það hvort börn fái alþjóðlega vernd á ákvörðunin alltaf að vera um það sem er barninu fyrir bestu.



BÖRN EFTIR SKILNAÐ FORELDRA

Á hverju ári ganga mörg börn í gegnum skilnað foreldra en það getur haft mikil áhrif á líf þeirra. Foreldrar sem eru að skilja þurfa að fá stuðning og ráðgjöf því skilnaður hefur mikil áhrif á börn og sérstaklega þegar foreldrarnir eru ósammála og eru jafnvel að rífast um hvar börnin eigi að vera. Það er líka mikilvægt að börn fái að segja sína skoðun, ef þau vilja það, þegar foreldrar eru að skilja og það er kannski verið að ræða hvar börn eiga að búa, eða hversu mikið þau fá að vera með báðum foreldrum.

Í dag er langur biðlisti eftir aðstoð fyrir foreldra sem eiga erfitt með að ákveða ýmislegt um börn sín eftir skilnað. Þá vita börn ekki hvernig líf þeirra og aðstæður verða sem er mjög slæmt. Það verður því að stytta biðina eftir ráðgjöf til foreldra sem eru að skilja.

Börn sem eiga foreldra sem skilja, verða að fá að hafa áhrif á ákvarðanir um hvar þau eiga að búa og hversu mikinn tíma þau fá með báðum foreldrum. Foreldrar sem eru að skilja þurfa að fá stuðning og ráðgjöf um hvernig þau eiga að vinna saman sem foreldrar, þrátt fyrir að búa ekki lengur á sama heimili. Það má ekki vera biðlisti eftir þannig ráðgjöf því það hefur neikvæð áhrif á börn og fjölskyldur þeirra.

BÖRN FÁI AÐ LEITA TIL SÝSLUMANNS

Börn foreldra sem eru að skilja lenda oft í erfiðum aðstæðum þegar foreldrar eru ekki sammála eða geta kannski ekki einu sinni talað saman.

Árið 2019 kom fram tillaga um að börn á öllum aldri eigi að geta haft samband við sýslumann og beðið um að sýslumaður bjóði foreldrum barnsins á fund til að ræða mikilvæga hluti eins og til dæmis hvernig barn á að skipta tíma sínum milli heimila foreldra. Umboðsmanni barna finnst þetta vera mikilvæg tillaga sem leyfir börnum að fá að hafa áhrif á eigið líf en í dag eru það bara foreldrar sem geta beðið um aðstoð sýslumanns. Þessi tillaga var ekki samþykkt en umboðsmaður barna vonar að þessi tillaga verði kynnt aftur og samþykkt á Alþingi því börn eiga að geta beðið um aðstoð þegar foreldrar þeirra eiga erfitt með að tala saman.

Börn þurfa að fá að hafa áhrif á eigið líf og eiga að geta beðið um aðstoð sýslumanns þegar foreldrar þeirra geta ekki unnið saman eftir skilnað.

UPPLÝSINGAR UM BÖRN

Í Barnasáttmálanum segir að börn eigi rétt á friðhelgi einkalífs. Það þýðir til dæmis að þegar fólk sem vinnur með börnum og veit ýmislegt um þau, eins og um það hvernig þeim líður þá þarf að sjá til þess að aðrir fái ekki þær upplýsingar. Það hefur gerst að

viðkvæmar upplýsingar um börn, eins og hvernig þau hafa það heima, heilsu þeirra og líf, hafa verið birtar á vefsíðum, í fjölmiðlum (fjölmiðlar eru til dæmis sjónvarp, útvarp og dagblöð) og í skýrslum. Það er mikilvægt að allir sem vinna með börnum eða vita eitthvað um einkalíf þeirra, viti að börn eiga rétt, eins og fullorðnir, á friðhelgi einkalífs.

Börn eiga rétt á trúnaði um einkalíf sitt og þeir sem vinna með og fyrir börn þurfa að fara vel með allar trúnaðarupplýsingar um börn.



BÖRN SEM KOMA Í HEIMINN EFTIR TÆKNIFRJÓVGUN

Tæknifrjógungun er það kallað þegar einn eða tveir sem vilja eignast barn, fá hjálp lækna við að búa til barn með frumum sem einhver annar en foreldrarnir gefur, það er egg eða sæði. Það þýðir að barn fæðist sem á foreldra sem eru ekki líffræðilegir foreldrar þeirra. Sá sem gefur frumurnar getur

óskað eftir því að barnið og foreldrarnir fái ekki að vita hver hann eða hún er. Það er mikilvægt fyrir börn að fá að vita hverjir eru líffræðilegir foreldrar þess en í Barnasáttmálanum segir að börn eigi rétt á upplýsingum um hvaðan þau komu, eða um uppruna sinn eins og það er kallað.

Breyta þarf lögum þannig að börn sem koma í heiminn eftir tæknifrjógungun eigi rétt á því að fá upplýsingar um uppruna sinn og líffræðilega foreldra.

RÉTTUR BARNA TIL EINKALÍFS

Það gerist oft að foreldrar setja myndir af börnunum sínum eða segja frá lífi barnanna á samfélagsmiðlum eða í viðtölum í sjónvarpi eða dagblöðum. Börn eiga rétt á því, eins og fullorðnir, að ákveða sjálf hvað aðrir fá að vita um þau. Umboðsmaður barna hefur gefið út leiðbeiningar fyrir foreldra um birtingu upplýsinga á samfélagsmiðlum um börn. Það er mikilvægt að lögum verði breytt til þess að börn njóti friðhelgi einkalífs og það þarf sömuleiðis að upplýsa þá sem vinna í fjölmiðlum um rétt barna til einkalífs. Fjölmiðlar eiga ekki að taka viðtöl við foreldra og birta, ef þar koma fram upplýsingar um einkalíf barna, sem þau hafa kannski ekki samþykkt að verði birtar í fjölmiðlum.

Börn eiga rétt á trúnaði um einkalíf sitt og fjölmiðlar og foreldrar eiga ekki að birta upplýsingar um börn án þess að þau sjálf samþykkt það.



Fötluð börn hafa sömu réttindi og önnur börn og til þess að hægt sé að taka ákvarðanir um það hvað þeim fyrir bestu, þurfa að vera til staðar meiri upplýsingar um aðstæður þeirra, hvað þau vilja, og hverju þau þurfa á að halda

FÖTLUÐ BÖRN

Það er ekki nóg til af upplýsingum um börn með fötlun og það þarf að bæta. Það er mikilvægt að þegar ákvarðanir eru teknar sem skipta fötluð börn máli, séu til góðar og nægilega miklar upplýsingar, þannig að alltaf séu teknar ákvarðanir um það sem er þeim fyrir bestu.

SÉRFRÆÐIHÓPUR FATLAÐRA BARNA

Árið 2019 vann sérfræðihópur fatlaðra barna skýrslu fyrir umboðsmann barna. Hópurinn kom með tillögur að breytingum til að bæta líf fatlaðra barna á Íslandi.

Hópurinn vildi til dæmis að fötluð börn fengju fleiri tækifæri til þess að segja skoðanir sínar því oft er verið að ákveða eitthvað fyrir fötluð börn án þess að þau fái eitthvað um það

að segja. Sérfræðihópnum fannst líka of oft ekki tekið mark á því sem fötluð börn hafa að segja. Til dæmis eru fötluð börn oft ekki spurð þegar verið er að ákveða hvaða stuðning þau fá í skólum.

Fötluð börn þurfa fleiri tækifæri til þess að segja skoðanir sínar. Ákvarðanir um þau á ekki að taka án þess að þau fái að taka þátt og segja sína skoðun sem hlustað er á.

Sérfræðihópnum fannst að fötluð börn séu líklegri til að verða fyrir einelti í skóla og að oft sé ekkert gert í því. Þess vegna finnst þeim að fötluð börn þurfi að fá betri upplýsingar um hvert þau geti leitað til dæmis um hvaða starfsfólk í skólum getur hjálpað þeim.

Ef fötluð börn búa á tveimur heimilum þurfa þau að hafa nauðsynleg hjálpartæki á báðum stöðum og ríkið þarf að aðstoða foreldrana við kaupin á þeim því barn á rétt á að umgangast báða foreldra á heimilum þeirra.

FÖTLUÐ BÖRN SEM BÚA Á TVEIMUR HEIMILUM

Fötluð börn þurfa stundum hjálpartæki fyrir daglegt líf eins og hjólastól eða hjólastólalyftu. Íslenska ríkið hjálpar foreldrum að kaupa nauðsynleg hjálpartæki fyrir heimilið, því þetta eru oft tæki sem kosta mikið. Ef foreldrar barnsins eru skilin, þá fær bara annað foreldrið þá hjálp. Það þýðir að erfitt getur verið fyrir fatlað barn að búa á heimili hins foreldrisins en öll börn eiga rétt á að búa hjá báðum foreldrum sínum.

FÖTLUÐ BÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA

Á Íslandi býr hópur af fötluðum börnum sem fæddust í öðru landi eða eiga foreldra sem fæddust í öðru landi, en það er stundum kallað að vera af erlendum uppruna. Það er of lítið vitað um þennan hóp barna og það þarf að bæta. Það eru líka mörg börn úr þessum hópi sem eru á biðlista eftir að fá þjónustu hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, sem sér um greiningar og ráðgjöf fyrir börn með þroskaskerðingar og foreldra þeirra. Það er mikilvægt að skoðað sé sérstaklega af hverju svo mörg börn úr þessum hópi eru á biðlistanum.

Það þarf meiri upplýsingar um fötluð börn af erlendum uppruna, og við þurfum að vita af hverju svo mörg börn með þann bakgrunn þurfa sérstaka aðstoð

BÖRN OG ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR

Ófrjósemisaðgerðir eru aðgerðir sem læknað gera á fólki til þess að fólk eignist ekki fleiri börn. Árið 2019 samþykkti Alþingi lög sem leyfa ófrjósemisaðgerðir á stelpum, ef það að verða ólétt er hættulegt fyrir líf þeirra eða heilsu. Þetta er mjög erfið ákvörðun fyrir börn að taka. Umboðsmanni barna finnst að stelpur þurfi aðstoð og ráðgjöf um annað sem hægt er að gera til að stelpur verði ekki óléttar. Þess vegna á líka að biða með

Ófrjósemisaðgerðir á ekki að gera á börnum heldur eiga þau að fá stuðning og ráðgjöf og fá að biða með að taka þá ákvörðun þangað til þau eru orðin fullorðin.

ófrjósemisaðgerðir þangað til þær eru orðnar fullorðnar, því svona stórar ákvarðanir á hver og einn að fá að taka fyrir sig þegar hann eða hún er tilbúin. Þetta er líka sérstaklega erfið ákvörðun fyrir fatlaðar stúlkur sem fá ekki alltaf að taka þátt í ákvörðunum um eigið líf og þær stelpur þurfa því að fá sérstaka aðstoð við það.

FÁTÆK BÖRN

Á Íslandi búa sum börn við fátækt og fá kannski ekki alltaf það sem þau þurfa á að halda í daglegu lífi. Þetta eru oft börn sem búa með öðru foreldri sínu og börn sem eiga foreldra sem eru öryrkjar. Öryrkjar eru einstaklingar sem eiga erfitt með vinnu vegna sjúkdóms eða fötlunar og fá því örorkubætur frá ríkinu. Börn sem búa í húsnæði sem fjölskyldan á ekki heldur leigir eru líka líklegri til að vera fátæk, en það er oft óöruggt að búa í leiguhúsnæði. Stundum er íbúð bara leigð út í stuttan tíma, sem þýðir að börn í leiguhúsnæði þurfa kannski oft að flytja og skipta um skóla.

Ekkert barn á Íslandi ætti að þurfa að búa við fátækt eða aðrar erfiðar aðstæður. Styðja þarf betur við börn sem búa í leiguhúsnæði, með einu foreldri eða eiga foreldra sem eru öryrkjar. Öll börn eiga rétt á að búa í góðu húsnæði í öruggum aðstæðum og að fá það sem þau þurfa á að halda til að lifa og þroskast.

FÁTÆKT BARNA OG OFBELDI

Spurningakannanir hafa sýnt að börn sem búa við fátækt verða oftast fyrir ofbeldi en önnur börn. Öll börn eiga rétt á öryggi og vernd.

BÖRN SEM ÞURFA AÐ NOTA GLERAUGU

Það getur verið dýrt fyrir foreldra að kaupa gleraugu fyrir börn. Gleraugu hafa hækkað mikið í verði á síðustu 15 árum, en sá hluti sem ríkið borgar í gleraugum fyrir börn, hefur ekkert hækkað frá árinu 2005, sem þýðir að sum börn fá kannski ekki gleraugu þrátt fyrir að þurfa á því að halda, því foreldrar þeirra eiga ekki peninga fyrir þeim.

Gleraugu eru nauðsynleg hjálpartæki fyrir börn sem þurfa á þeim að halda og ríkið þarf að borga stærri hlut í gleraugum barna svo að öll börn fái gleraugu sem þurfa á því að halda.

BÖRN OG UNGLINGAR SEM NOTA RAFRETTUR

Fá börn á Íslandi reykja sigarettur, en á síðustu áratugum hafa börn fengið mikla fræðslu um hvað það er hættulegt að reykja. Í dag notar stór hópur unglunga hins vegar rafrettur. Rafrettur eru frekar nýjar og því á eftir að rannsaka betur hvort þær eða bragðefnin sem eru notuð í rafrettuvökva séu hættulegar börnum. Börn eiga rétt á því að vera heilbrigð og það er mikilvægt að þau fái fræðslu svo þau geti tekið góðar ákvarðanir fyrir eigin heilsu og séu vernduð gegn hættulegum efnum. Því finnst umboðsmanni barna mikilvægt að börn og unglingar geti ekki keypt rafrettur eða bragðefni í þær.

Of margir unglingar á Íslandi nota rafrettur og það er mikilvægt að fækka í þeim hópi og fræða börn um að það geti verið hættulegt að nota rafrettur. Börn eiga rétt á því að vera heilbrigð og það þarf að vernda þau frá því sem hefur slæm áhrif á heilsu þeirra.

BÖRNUM SEM LÍÐUR ILLA

Tölur sýna að allt of mörgun börnum á Íslandi líður illa en þá verður að vera auðvelt og fljótlegt að fá hjálp, eins og til dæmis hjá sálfræðingi á heilsugæslustöðinni þar sem maður býr, eða hjá námsráðgjafa eða sálfræðingi í grunn- eða framhaldsskólum. Það er líka mikilvægt að í skólum sé verið að tala um það að manni líði stundum illa, að andleg heilsa eins og það er kallað, skipti jafn miklu máli og líkamleg heilsa, og að það sé mikilvægt að segja frá því þegar manni líður illa og biðja um hjálp.

Börnum sem líður illa þurfa að fá hjálp hjá sérfræðingum, en langir biðlistar eru oft eftir því að komast að hjá þeim, sem getur orðið til þess að börnunum líður enn verr. Þetta þarf að leysa því öll börn eiga rétt á góðri líkamlegri og andlegri heilsu.

Börn þurfa betri fræðslu um andlega heilsu og þurfa að geta leitað til einhvers um leið og þeim líður illa, til þess að fá aðstoð. Börnum sem líður mjög illa þurfa að geta fengið aðstoð sérfræðinga um leið og ekki lenda á biðlista.

Foreldrar og börn þurfa að fá fræðslu um það hvað svefn er mikilvægur og börn sem eiga í miklum erfiðleikum með svefn þurfa að fá aðstoð svo þau fái þá hvíld sem þau þurfa á að halda.

BÖRN SEM SOFA EKKI NÓG

Svefn er mikilvægur fyrir heilsu allra og sérstaklega barna en samt sýna rannsóknir að börn á Íslandi sofa ekki nóg sem getur haft slæm áhrif á það hvernig þeim líður og gengur. Það eru líka of mörg börn sem fá svefnlyf og stundum svefnlyf sem er fyrir fullorðna, en það getur haft slæm áhrif á börn. Það þarf að hjálpa börnum sem eiga erfitt með svefn og foreldrar þeirra þurfa að fá aðstoð sérfræðinga svo þeir geti hjálpað börnum að hvílast, sofa og líða betur, án þess að taka lyf.

BÖRN SEM TAKA LYF

Tölur sýna að of mörg börn taka lyf á Íslandi. Það getur verið nauðsynlegt að fá lyf, en það getur líka haft slæm áhrif. Stundum fá börn lyf sem eru búin til fyrir fullorðna og sem eru jafnvel ekki góð fyrir börn. Stundum er verið að gefa börnum lyf sem þurfa á annarri aðstoð að halda, en sem er kannski ekki til, eða langur biðlisti er eftir þannig aðstoð. Börn sem eiga erfitt með að einbeita sér í skólanum og eru kannski með ADHD eða athyglisbrest, eiga alltaf að fá aðstoð í skólanum,

en stundum er byrjað á því að gefa þeim lyf í staðinn fyrir að reyna aðrar leiðir fyrst. Það eru miklu fleiri börn á Íslandi en í flestum öðrum löndum sem fá lyf við ADHD og það þarf að rannsaka af hverju það er.

Mörgum börnum líður illa og mörg þeirra fá lyf við til dæmis kvíða eða þunglyndi, fleiri stelpur en strákar, en það er mikilvægt að börn fái aðra aðstoð líka og að lyf við til dæmis kvíða séu ekki gefin börnum nema það sé alveg nauðsynlegt. Hér er hægt er að lesa meira um góða geðheilsu.

Börn eiga rétt á góðri heilsu og eiga að fá alla þá aðstoð sem þau þurfa á að halda. Ekki á að gefa börnum lyf nema það sé algjörlega nauðsynlegt.

Börn eiga rétt á því að fá þá heilbrigðisþjónustu sem þau þurfa á að halda og það verður að stytta biðlistana eftir greiningum.



BIÐLISTAR EFTIR GREININGU

Börn sem þurfa að fara í greiningu á því hvort þau séu til dæmis með athyglisbrest og ofvirkni eða þroskaskerðingu, þurfa oft að bíða lengi, stundum lengur en ár, og biðlistinn hefur verið að lengjast. Börn eiga alltaf rétt á þeirri heilbrigðisþjónustu sem þau þurfa á að halda og það verður því að stytta biðlistana.

Öll börn eiga rétt á skilningi og því að fá sjálf að ákveða hver þau eru. Það þarf að koma í veg fyrir einelti gegn hinsegin börnum og auka skilning með því að fræða börn í skólum um fjölbreytileika og jöfn réttindi allra barna.

HINSEGIN BÖRN

Rannsóknir sýna að hinsegin unglingar finna meira fyrir kvíða og þunglyndi en aðrir unglingar á sama aldri. Þeir sem vinna með og fyrir börn þurfa að fá fræðslu um hinsegin börn og unglinga og hversu mikilvægt það er að styðja þann hóp. Hinsegin börn verða meira fyrir einelti en önnur börn og það hefur mikil áhrif á það hvernig þeim líður.

Það þarf að koma í veg fyrir fordóma og einelti og til þess að auka skilning, er mikilvægt að fjallað sé um hinsegin börn í skólabókum og öðru efni í skólum. Börn sem eru hinsegin eru hluti af samfélagi okkar og eiga sömu réttindi og önnur börn. Börn þurfa að fá fræðslu um mannréttindi og það að öll börn eiga sömu réttindi.

KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI

Ríkisstjórnin hefur lofað að Ísland verði með þeim löndum sem eru fremst í því að virða réttindi hinsegin fólks en það hefur til dæmis verið gert með því að setja ný lög um kynrænt sjálfræði sem þýðir að allir eiga rétt á því að fá að ákveða, eða skilgreina eins og það er kallað, hvaða kyni þeir tilheyra. Þegar fyrsta tillagan að lögunum var kynnt, áttu börn frá 15 ára aldri sjálf að fá að ákveða hvaða kyn þau væri með í skráningum eins og til dæmis Þjóðskrá. Þetta fannst umboðsmanni barna jákvætt, að unglingar sem eru að fara í framhaldsskóla, geti sjálf ákveðið hvaða kyni þau tilheyra og hvernig það er skráð í Þjóðskrá, en Þjóðskrá er skrá, eða listi, yfir alla þá sem búa á Íslandi.

Það eru mikilvæg réttindi að unglingar fái sjálfir að skilgreina kyn sitt og geti skráð það í Þjóðskrá.

Þegar unglingar byrja í framhaldsskóla verða oft stórar breytingar í lífi þeirra þegar þau skipta um umhverfi og kynnast nýjum vinum. Þegar lögin voru samþykkt á Alþingi var ákveðið að börn mega bara breyta skráningu á kyni í Þjóðskrá ef foreldrar þeirra samþykkja, en ef foreldrar neita getur sérstök nefnd samþykkt það. Umboðsmaður barna vill að börn fái sjálf að ákveða hvernig kyn þeirra er skráð í Þjóðskrá og finnst það vera mikilvæg réttindi barna að fá sjálf að skilgreina kyn sitt.



Trans börn eiga rétt á þjónustu og aðstoð sérfræðinga og teymi sem á að vera til staðar og sem fjallað er um í lögum, þarf að vera starfandi.

TRANSTEYMIÐ Á LANDSPÍTALANUM

Á síðustu árum hefur trans börnum fjölgað en að vera trans er til dæmis að fæðast sem stelpa eða strákur en tilheyra raunverulega öðru kyni. Þegar lögin um kynrænt sjálfræði voru samþykkt var ákveðið að landspítalinn yrði með teymi með sérfræðingum fyrir mál trans barna. Teymið á til dæmis að aðstoða trans börn við að komast að því hvort það sé þeim fyrir bestu að fara í það sem er kallað kynleiðrétting.

Landspítalinn hefur átt erfitt með að halda teyminu starfandi, þegar sérfræðingar hafa til dæmis hætt að vinna þar. Það er mikilvægt að trans börn fái bestu mögulegu aðstoð og að teymi sem lög segja að eigi að vera til, sé til staðar og aðstoði þennan hóp barna.



KYNFRÆÐSLA

Það er mikilvægt að börn fái kynfræðslu í skólum og læri um sambönd og samskipti við aðra. Í kynfræðslu þarf að tala um góð samskipti og um að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Það þarf líka að ræða ofbeldi, hvað það er, og hvert maður getur leitað ef maður hefur orðið fyrir ofbeldi.

Börn eiga rétt á góðri fræðslu um samskipti, sambönd og kynlíf. Sú fræðsla á að vera hluti af náminu í skólum og á að byggja á skemmtilegu og góðu fræðsluefni.

Börn eiga rétt á góðri fræðslu, líka um mál sem fullorðnum finnst kannski erfitt að tala um. Sumum kennurum finnst erfitt að tala um þetta og þá fá skólar stundum einhvern sem er ekki að vinna í skólanum til að ræða við nemendur, en hann er þá ekki á staðnum ef nemendur eru með spurningar eftir á. Þess vegna er svo mikilvægt að kynfræðsla sé hluti af náminu í grunn- og framhaldsskólum og að nemendur fái fræðslu á hverju ári.

Það þarf líka að vera til gott og skemmtilegt fræðsluefni fyrir börn og unglinga, um kynlíf og sambönd. Kynfræðsla og fræðsluefni um það, þarf líka að vera til staðar fyrir fötluð börn og ungmenni. Það er mikilvægt að fjallað sé um öll börn, líka þau sem eru hinsegin, þannig að öll börn og ungmenni geti tekið góðar ákvarðanir fyrir sig.

FORVARNARFRÆÐSLA

Börn og unglingar þurfa að fá forvarnarfræðslu um sígarettur, rafrettur, áfengi og önnur vímuefni, og það er mikilvægt að það sé gert í skólum og sé hluti af skólastarfinu. Margir skólar fá einhvern sem vinnur ekki þar til þess að ræða við börn, en það þarf að vera sérfræðingur, sem veit hvað hann eða hún er að ræða um, og sem kann að tala við börn. Ef forvarnarfræðsla er ekki góð, getur hún jafnvel haft slæm áhrif. Börn eiga rétt á góðri fræðslu sem hjálpar þeim að taka góðar ákvarðanir um eigið líf og heilsu.

Börn eiga rétt á forvarnarfræðslu svo þau geti tekið góðar ákvarðanir um eigið líf og heilsu. Fræðslan á að vera hluti af skólastarfinu og sérfræðingar eiga að sjá um hana.



MENNTUN ÁN AÐGREININGAR

Á Íslandi ganga öll börn í skóla án aðgreiningar sem þýðir að öll börn eiga rétt á því að ganga í eins skóla, og að fötluð börn þurfa ekki að fara í sérskóla. Börn eru ólík og þurfa mismikinn stuðning. Þegar öll börn ganga í sama skóla, verður að vera hægt að aðstoða þau öll, því öll börn eiga rétt á menntun og því að líða vel í skólanum. Umboðsmaður barna fær oft upplýsingar um að börn séu ekki að fá þann stuðning sem þau þurfa á að halda, þó svo að skólinn eigi að vera án aðgreiningar, og það þarf að bæta.

Öll börn eiga rétt á menntun og því að líða vel í skólanum og þurfa því að fá þann stuðning sem þau þurfa á að halda.

PISA PRÓFIN

Íslenskir grunnskólanemendur taka þátt í PISA könnuninni sem er gerð í 79 löndum til þess að bera saman hvernig börnum í mismunandi löndum gengur að læra stærðfræði, náttúruvísindi og að lesa. Íslenskum börnum gengur ágætlega, en eru samt nokkuð nedarlega á listanum. Þess vegna þarf að skoða hvort það þurfi að breyta einhverju í kennslu í grunnskólum, svo að íslensk börn geti bætt árangur sinn í þessum grunngreinum.

SKÓLAFORÐUN

Skólaforðun er það kallað þegar barn forðast að mæta í skólann af einhverri ástæðu, eins og því að þeim líði illa í skólanum eða eru kvíðin. Á Íslandi er skólaskylda og öll börn í grunnskóla eiga að mæta í skóla, til þess að fá menntun, en líka til að eiga í samskiptum við vini og skólafélaga, því það er jafn mikilvægt.

Öll börn eiga rétt á menntun og það er mikilvægt að allir vinni saman að því að fá börn sem eru með skólaforðun, aftur í skóla, til þess að þau fái menntun og samskipti við vini og skólafélaga.

Það eru tölur sem sýna að nokkur hópur barna forðast að mæta í skólann. Það er ekki vitað nákvæmlega hversu mörg börn það eru og þess vegna þarf að skrá það og fylgjast með því hvort þeim fjölgar. Það er líka mjög mismunandi hvernig verið er að vinna í því að fá þessi börn aftur í skóla.

Umboðsmanni barna finnst mjög mikilvægt að allt sé gert til þess að fá börn aftur í skóla, en þá þurfa margir að vinna saman, skólinn, foreldrar og barnið sjálft. Þess vegna er nauðsynlegt að skólar og aðrir sem styðja við barn sem vill ekki mæta í skólann fái leiðbeiningar um hvað á að gera þegar barn vill ekki mæta og hvernig þeir sem geta aðstoðað barn eigi að vinna saman.

FRÆÐSLUSKYLDAN

Fræðsluskyldan verður að þýða að framhaldsskólar verði að styðja nemendur sem gengur illa í námi eða sem líður illa.

Í lögum um framhaldsskóla segir að allir sem hafa lokið grunnskóla eigi rétt á því að fara í framhaldsskóla og vera þar í námi til 18 ára aldurs. Þetta er kallað fræðsluskylda. Umboðsmaður barna hefur samt fengið upplýsingar um að skólar vísi börnum undir 18 ára aldri úr skólum þegar þau hafa brotið skólareglur með lélegri mætingu eða með því að fá lágar einkunnir.

Umboðsmanni barna finnst mikilvægt að skólar reyni að aðstoða börn áður en þeim er vikið úr skóla því það geta verið margar ástæður fyrir því að einhverjum gengur illa í framhaldsskóla, kannski líður honum eða henni illa, á erfitt heima, eða finnst skólinn erfiður, en öll börn eiga rétt á menntun og þeirri aðstoð sem þau þurfa á að halda til þess að stunda nám.



BROTTHVARF ÚR FRAMHALDSSKÓLA

Þrátt fyrir fræðsluskylduna eru margir nemendur í framhaldsskóla sem hætta í miðju námi en það kallast brotthvarf. Það er nauðsynlegt að útskrifast úr framhaldsskóla til þess að geta farið í háskóla og margir vinnustaðir ráða ekki fólk í vinnu sem hefur ekki lokið framhaldsskóla.

Til þess að minnka brotthvarf úr framhaldsskólum þarf að styðja nemendur í grunnskóla sem eru að velja framhaldsskóla þannig að þeir velji nám sem hentar þeim og sem þeim finnst spennandi.

Það getur líka verið mjög erfitt fyrir þann sem hættir í framhaldsskóla að byrja aftur, þess vegna er best fyrir þá sem byrja í framhaldsskóla að ljúka því námi. Það getur verið að margir séu að hætta í framhaldsskóla vegna þess að þeir völdu ekki skóla eða nám sem hentar þeim, og þess vegna er svo mikilvægt að bæta fræðslu til nemenda í grunnskóla um hvernig þeir eiga að velja nám í framhaldsskóla sem hentar þeim.

BÖRN MEÐ INNFLYTJENDABAKGRUNN

Rannsóknir sýna að nemendum með innflytjendabakgrunn gengur verr í skóla en þeim börnum sem eru fædd hér af íslenskum foreldrum, en þau eiga oft erfitt með lestur, enda íslenska yfirleitt ekki þeirra móðurmál. Það þarf að styðja vel við börn sem flytja til landsins og þau þurfa bæði stuðning við að læra íslensku og að halda í sitt móðurmál.

Nemendur með innflytjendabakgrunn þurfa að fá stuðning við lestur og íslensku og kennslu í móðurmáli þeirra.



UNGLINGAR MEÐ INNFLYTJENDABAKGRUNN Í FRAMHALDSSKÓLA

Það er of lítið vitað um þann hóp unglinga sem er með innflytjendabakgrunn í framhaldsskóla, lengi var þetta lítill hópur, en hann hefur stækkað. Tölur sýna að það eru færri úr þeim hópi sem útskrifast úr framhaldsskóla miðað við unglinga sem eiga íslenska foreldra en útskrift úr framhaldsskóla gefur ýmsa möguleika á námi og vinnu. Það er því mikilvægt að skólar styðji vel við þennan hóp nemenda.

BÖRN Í ÍPRÓTTUM EÐA ÖÐRU TÓMSTUNDASTARFI

Það er um margt að velja fyrir börn sem vilja taka þátt í íþróttum eða öðru tómstundastarfi, en það er oft mjög dýrt, og því geta ekki öll börn tekið þátt. Flest sveitarfélög bjóða upp á frístundastyrki sem hjálpar foreldrum að borga fyrir tómstundir barnanna. Það er misjafnt hvað styrkirnir eru háir og stundum þurfa foreldrar að nota styrkinn til þess að borga fyrir frístund í skólum og þá er kannski ekkert eftir til að borga fyrir tómstundir. Þegar börn eru búin að æfa einhverja íþrótt í nokkur ár, verða oft miklar breytingar, æfingar eru oft í viku og það fer að skipta miklu máli hverjir eru bestir. Þá missa mörg börn áhugann og hætta. Það er mjög mikilvægt fyrir börn og unglinga, að taka þátt í einhverju skemmtilegu starfi utan skólans, og að eiga þar góða vini.

Öll börn eiga rétt á því að taka þátt í jákvæðu og uppbyggilegu tómstundastarfi þar sem öllum líður vel og þau fá að vera þau sjálf.



EINELTI Í SKÓLUM

Einelti er vandamál í skólum og hefur oft slæm áhrif á það hvernig börnum líður. Allir skólar eiga að vera með eineltisáætlun. Það er hins vegar ekki nóg, það þarf líka að kenna starfsfólki skóla að bregðast við einelti og það þarf að fræða börn um hvað einelti er, og hvað börn eiga að gera sem verða fyrir einelti eða sjá aðra verða fyrir því.

Þegar skólar ræða um hvernig eigi að berjast gegn einelti, er mikilvægt að börn taki líka þátt, því þau vita hvar eineltið gerist og hvernig það lýsir sér. Foreldrar barna þurfa líka að fá fræðslu um einelti, til þess að geta rætt við börn um einelti.

Öll börn eiga rétt á því að líða vel í skólanum og eiga ekki að þurfa að þola einelti. Börn í skólum eiga að fá að taka þátt í því að ákveða viðbrögð við einelti og hvernig á að fyrirbyggja það.

BÖRN Í VINNU

Mörg börn á Íslandi eru í vinnu með skóla sem getur verið góð reynsla, en það er mikilvægt að börn vinni bara við það sem hentar þeim og þau ráða við. Of mörg börn lenda í slysum á vinnustöðum. Það eru til lög og reglur um það hvað börn mega vinna lengi, á hvaða vinnustöðum þau mega vinna, og við hvað. Slysgerast yfirleitt ekki þegar farið er eftir þeim reglum.

Börn eiga rétt á fræðslu um eigin réttindi á vinnustöðum og þeir sem ráða börn í vinnu verða að þekkja og virða lög og reglur um vinnu barna til þess að koma í veg fyrir slys eða önnur slæm áhrif vinnu á börn.

Það er mikilvægt að börn viti hver réttindi þeirra eru á vinnustað og að þeir sem ráða börn fari alltaf eftir reglum um vinnu barna, þannig getur vinna verið jákvæð og uppbyggileg reynsla fyrir börn, sem undirbýr þau fyrir framtíðina.

Fyrsta vinna margra barna er vinnuskólinn sem er yfirleitt fyrir unglinga á aldrinum 13 til 15 ára en í vinnuskólanum eiga unglingar að fá fræðslu og þjálfun.

Umboðsmaður barna gerði könnun á vinnuskólanum árið 2018 og þá kom í ljós að unglingar í vinnuskólanum fá ekki alltaf fræðslu og fá stundum ekkert að vita hvernig þau hafa staðið sig. Það er mikilvægt að vita það þegar maður er að byrja að vinna í fyrsta skipti og undirbúa sig fyrir framtíðina.



BÖRN Í FANGAKLEFUM


Það eru dæmi um að börn sem þurfa að fara á meðferðarheimili barnaverndar vegna til dæmis vímuefnavanda, hafi ekki fengið pláss og í staðinn þurft að gista í fangaklefa. Í Barnasáttmálanum segir að börn eigi ekki að vera í fangelsum með fullorðnu fólki og barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur sagt að það megi ekki setja börn í fangaklefa, bara vegna þess að það er ekki pláss annars staðar.

Börn eiga rétt á þjónustu barnaverndar og heilbrigðisþjónustu og þau má aldrei vista í fangaklefum bara vegna þess að ekki er til pláss annars staðar.

BÖRN OG OFBELDI

Of mörg börn á Íslandi upplifa ofbeldi á heimilum sínum. Það að barn þurfi að horfa upp á ofbeldi gegn einhverjum sem því þykir vænt um, eins og foreldri eða systkini, er ofbeldi gegn barni og bannað í íslenskum lögum.

Börn sem upplifa ofbeldi á heimilum sínum eiga að fá hjálp lögreglu og annarra við að stöðva ofbeldið og aðstoð við að jafna sig á þessari erfiðu reynslu. Stundum er erfiðara fyrir börn að fá hjálp ef þau búa ekki á höfuðborgarsvæðinu, en þannig á það ekki að vera. Öll börn eiga rétt á lífi án ofbeldis, sama hver þau eru, eða hvar þau búa.



Öll börn eiga rétt á lífi án ofbeldis en börn sem verða fyrir því eiga rétt á aðstoð og stuðningi.

KYNFERÐISLEGT OFBELDI

Rannsóknir sýna að börn og unglingar sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi líður oft illa og það getur haft áhrif á líf þeirra. Kynferðislegt ofbeldi getur til dæmis verið orðbragð, myndbirtingar, snertingar, káf og nauðgun. Þess vegna þurfa börn að fá upplýsingar um hvað kynferðislegt ofbeldi er, að það er eitthvað sem ekkert barn á að þurfa að verða fyrir, og að þau sem verða fyrir því eigi rétt á hjálp og stuðningi.

Það eru ekki bara fullorðnir sem beita börn kynferðislegu ofbeldi því stundum eru það önnur börn og þess vegna er mikilvægt að öll börn fái fræðslu um ofbeldi, jákvæð samskipti, og rétt allra barna til að lifa við öryggi og vernd.



UMBODSMAÐUR
BARNNA

Skýrsla umboðsmanns barna til
barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna

September 2020
@umboðsmaður barna